

Nd.

386. Nefndarálit

[141. mál]

um frv. til laga um Iðnláanasjóð.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar.

Samkvæmt áætlun þeirri, sem fylgir frv., er gert ráð fyrir því, að árlegar tekur Iðnláanasjóðs verði um 9 millj. kr. Þetta er vissulega talsverð aukning frá því, sem nú er. Þegar þess er hins vegar gætt, hve fjárfrekar allar framkvæmdir eru orðnar, er það augljóst, að fjarri fer því, að þetta sé fullnægjandi. Af þeim ástæðum legg ég til, að Iðnláanasjóði séu tryggðar 15 millj. kr. tekjur árlega.

Ég legg enn fremur til, að ríkissjóður greiði Iðnláanasjóði þetta framlag, en ekki verði lagður á nýr skattur. Skattakerfið ber að hafa sem einfaldast, og því er ég andvígur því að fjarla sköttum.

Þá tel ég eðlilegt, að Alþingi kjósi a. m. k. meiri hluta sjóðsstjórnarinnar, og flyt breytingartillögu í samræmi við það.

Samkvæmt framansögðu legg ég til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. 1. málsggr. orðist svo:

Stjórn Iðnláanasjóðs skipa fimm menn. Þrír skulu kosnir hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Jafnmargir varamenn skulu kosnir á sama hátt. Tveir skulu tilnefndir í sameiningu af stjórn Landssambands iðnáðarmanna, stjórn Félags íslenzkra iðnrekenda og stjórn Sambands íslenzkra samvinnufélaga til sama tíma. Tveir varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Iðnaðarmálaráðherra skipar einn hinna fimm stjórnarmanna formann sjóðsins.

2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Tekjur Iðnláanasjóðs eru:

1. Framlag ríkissjóðs, 15 milljónir króna á ári.

2. Vextir.

3. Við 8. gr. Síðasta málsgrein greinarinnar falli niður.

Alþingi, 12. marz 1963.

Pórarinn Pórarinsson.